

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 124/2015
um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „2,0% (m/m)“ í 1. mgr. 4. gr. komi: 3,5% (m/m).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.:

a) 3. másl. 1. mgr. orðast svo:

Samgöngustofa hefur þó eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna í samræmi við ákvæði 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

b) 2. másl. 2. mgr. orðast svo:

Einnig er Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar, heimill aðgangur að olíu-
dagbókum skipa og kvittunum frá söluaðila olíu þar sem fram koma upplýsingar um brenni-
steinsinnihald skipaeldsneytis.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og v. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 25. janúar 2016.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.